



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 12. febrúar 2018

Ákvörðun nr. 6/2018

Samruni Reirs ehf. og Gluggasmiðjunnar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 9. janúar 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna vegna kaupa Reirs ehf. (hér eftir Reir) á 79,323% hlutfjár í Gluggasmiðjunni ehf. (hér eftir Gluggasmiðjan). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Með samrunaskránni fylgdi ennfremur bréf þar sem samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá banni við því að samruninn kæmi framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi dagsett 11. janúar 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að fyrrnefnd samrunaskrá teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og að þeir frestir sem eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 10. janúar 2018.

Með bréfi dags. 12. janúar 2018 féllst Samkeppniseftirlitið á að veita samrunaaðilum umbeðna undanþágu frá banni samkeppnislaga við framkvæmd samruna á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann, sbr. 4. mgr. 17. gr. a laganna. Samkeppniseftirlitið setti það sem skilyrði fyrir undanþágunni að samrunaaðilar skyldu tryggja að möguleikar Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar yrðu áfram til staðar á meðan málið væri til umfjöllunar, ásamt því að samkeppni yrði ekki raskað með öðrum hætti.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Sem liður í þeirri rannsókn hefur Samkeppniseftirlitið m.a. átt samtöl við keppinauta á markaðnum og aflað sjónarmiða þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.



Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér að Reir kaupi 79,323% af heildarhlutafjár Gluggasmiðjunnar af Gluggum og Gler ehf. (hér eftir Gluggar og Gler). Gluggar og Gler mun áfram verða hluthafi í Gluggasmiðjunni og eiga þar rúmlega 20% hlut á móti Reir. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Reirs á 79,323% hlut í Gluggasmiðjunni í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt og breyting verður á yfirráðum til frambúðar.

Samkvæmt samrunaskrá er Reir einkahlutafélag í fullri eigu eins einstaklings, og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, byggingastarfsemi, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Nánar tiltekið segir að starfsemi Reirs felist aðallega í verðbréfavíðskiptum, auk eignarhaldsfélaga sem aðallega koma að tilfallandi byggingarverkefnum og byggingastarfsemi hér á landi en að öðru leyti sé félagið ekki með neina fasta starfsemi.

Sem eignarhaldsfélag fer Reir með eignarhluta í 8 félögum. Þar af á félagið óverulegan hluta í fimm hlutafélögum sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði en þau eru N1 hf., Marel hf., Icelandair Group hf., Sjóvá hf. og Tryggingamiðstöðin hf. Félagið á meirihluta hlutafjár í tveimur einkahlutafélögum, Lantan ehf. (hér eftir Lantan) og HBH Byggir ehf. (hér eftir HBH Byggir), og helmingshlut í Akkelis ehf. (hér eftir Akkelis).

Tilgangur Lantans er kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Lantan á fasteignir sem hýsa rekstur Sandhótelis við Laugaveg í Reykjavík. Tilgangur HBH byggir er byggingastarfsemi, innréttingasmiði, rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Þá sérhæfir HBH byggir sig í heildarlausnum á sviði byggingaframkvæmda, hvort heldur er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, og má þar helst nefna nýbyggingar, framkvæmdir innanhúss, lóðaframkvæmdir og innréttingar fyrir báta og skip. Örlítill hluti af starfsemi HBH Byggir er framleiðsla innihurða og tengist þá heildarlausnum vegna nýsmíði innréttinga samkvæmt því sem fram kemur í samrunaskrá. Tilgangur Akkelis er að hanna, byggja og selja fasteignir sem og önnur umsýsla sem þeirri starfsemi er tengd, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Akkelis fer með eignarhald í fasteignapróunarfélögum, aðallega Frostaskjólí ehf., sem á lóð undir byggingu atvinnu- og íbúðarhúsnæði við Hlíðarenda í Reykjavík og Austurplan og Vesturplan ehf., sem eru eignarhaldsfélög utan um hluti í K. Steindórsson ehf., sem á lóð við Hringbraut í Reykjavík.

Gluggasmiðjan er einkahlutafélag í fullri eigu Glugga og Glers en eigendur þess félags eru þrjú einstaklingar auk félagsins Steinbryggja ehf. (hér eftir Steinbryggja). Steinbryggja fer ekki með yfirráð í neinu öðru félagi. Samkvæmt samrunaskránni hefur Gluggasmiðjan í 70 ár þjónað fyrirtækjum og einstaklingum í framleiðslu og viðhaldi á gluggum og hurðum. Gluggasmiðjan hefur sérhæft sig í framleiðslu á gluggum og útihurðum af öllum stærðum og gerðum og úr ýmsum efnum. Félagið sinnir aðallega sérsmiði og selur lítið sem ekkert af staðlaðri innfluttri lagervöru, annað en einstaka handföng og lamir sem fluttar eru inn, annað er sérsmiðað eða innflutt eftir pöntunum frá víðskiptavinum. Gluggasmiðjan skiptist í þrjár deildir, timburdeild sem framleiðir hefðbundna tréglugga, útihurðir, svalahurðir o.s.frv., áldeild sem framleiðir álglugga, glerþök, álhurðir o.s.frv., og innflutningsdeild sem



flytur m.a. inn állista á sólstofupök og þakglugga. Þá selur Gluggasmiðjan einnig svalahandrið og svalalokanir. Gluggasmiðjan rekur eina söluskrifstofu í Reykjavík og er öll vörusala félagsins eftir tilboðum. Tilboð er gert í hvert verk og smíðað eftir teikningum hverju sinni. Viðskiptavinum Gluggasmiðjunnar má skipta í tvennt, annars vegar verktaka og hins vegar einstaklinga og fyrirtæki en vertakarnir standa undir langstærstum hluta veltu Gluggasmiðjunnar. Samkvæmt samrunaskránni starfar Gluggasmiðjan fyrst og fremst á innlendum glugga- og hurðamarkaði.

III.

Niðurstaða

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngupjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Að mati samrunaaðila starfa þeir á ótengdum mörkuðum. Gluggasmiðjan starfar á innlendum markaði fyrir framleiðslu, sölu og viðhaldi á gluggum og útihurðum auk þess sem fyrirtækið selur svalahandrið og svalalokanir. Reir sé hins vegar eignarhaldsfélag og dótturfélög þess komi aðallega að tilfallandi byggingaverkefnum. Með vísan til þess sé það mat samrunaaðila að hvorki Reir né dótturfélög þess starfi á sama vöru- og þjónustumarkaði og Gluggasmiðjan.

Þá telja samrunaaðilar að skipta megi glugga- og hurðamarkaði í nokkra undirflokka, nánar tiltekið í íbúðir í byggingu, viðhaldsverkefni íbúða, atvinnuhúsnæði í byggingu, viðhaldsverkefni atvinnuhúsnæðis og annað s.s. sumarhús og annarskonar húsnæði. Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um stærð glugga- og hurðamarkaðar hér á landi en að mati samrunaaðila sé markaðshlutdeild Gluggasmiðjunnar undir 5% ef eingöngu er horft til Íslands. Þó kveða samrunaaðilar að hlutdeildin geti mögulega verið hærri en mjög ólíklegt þyki að hún nái yfir 8%. Sé eingöngu horft til innflutnings, þ.e. innflutning á trégluggum, ál-trégluggum, svalalokunum, svalahandriðum o.s.frv. er markaðshlutdeild Gluggasmiðjunnar óveruleg að mati samrunaaðila enda samanstendur velta stærstu samkeppnisaðilanna, Byko ehf. og Húsasmiðjunnar ehf. að langstærstum hluta af innfluttri vöru og í mun ríkulegra magni en innflutningur Gluggasmiðjunnar.

Að því er varðar landfræðilegan markað málsins þá telja samrunaaðilar að líta beri til þess að hann sé heimurinn allur. Starfsemi Gluggasmiðjunnar sé bæði innflutningur á vörum og innlend framleiðsla á gluggum og hurðum. Gluggasmiðjan stundi engan útflutning og fer því öll sala fyrirtækisins fram hér á landi. Samkvæmt samrunaskránni fer stærstur hluti af vörusölu Gluggasmiðjunnar fram á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Selfossi, Hveragerði og á Suðurnesjum. Önnur landssvæði innan Íslands skili undir 5% af veltu fyrirtækisins. Þá



telja samrunaaðilar starfsemi Gluggasmiðjunnar vera í beinni samkeppni við innflutta vöru sem aðrir aðilar á markaði hafi til sölu, þ.e. innfluttir gluggar og útihurðir, auk þess að vera í beinni samkeppni við erlenda framleiðendur sem selji vöru sína beint til íslenskra verktaka, án milligöngu innlendra aðila. Með þessum rökum rökstyðja samrunaaðilar að landfræðilegi markaðurinn í málinu skuli teljast vera heimurinn allur.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf.*, voru samrunaaðilar taldir starfa á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins, annars vegar á undirmarkaðnum fyrir innflutning og dreifingu á rafvörum og hins vegar á undirmarkaðnum fyrir innflutning og dreifingu á pípulögnum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Vatns og veitna ehf.*, voru samrunaaðilar einnig taldir starfa á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins og að samlegðaráhrif samrunans myndu fyrst og fremst gæta á markaði fyrir innflutning og dreifingu á pípulagnavörum.

Eins og áður hefur komið fram starfar Gluggasmiðjan á markaði fyrir sölu á gluggum og útihurðum en Reir kemur að tilfallandi byggingarverkefnum auk þess sem dótturfélag Reirs, HBH Byggir sérhæfir sig í heildarlausnum á sviði byggingaframkvæmda, hvort heldur er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, og má þar helst nefna nýbyggingar, framkvæmdir innanhúss, lóðaframkvæmdir og innréttingar fyrir báta og skip, auk þess sem örlítill hluti af starfsemi HBH Byggir er framleiðsla á innihurðum í tengslum við heildarlausnirnar vegna nýsmíði innréttinga samkvæmt samrunaskrá. Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að samrunaaðilar í því máli sem hér er til umfjöllunar starfi einnig á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins. Þá er það enn fremur mat Samkeppniseftirlitsins að áhrif vegna samrunans mun einna helst gæta á undirmarkaðnum fyrir framleiðslu og sölu á gluggum og útihurðum.

Samrunaaðilar hafa ítrekað bent á það mat sitt að þeir starfi ekki á tengdum mörkuðum. Eins og áður segir er það mat eftirlitsins að samrunaaðilar starfi á undirmörkuðum alhliða byggingamarkaðarins. Meginstarfsemi Gluggasmiðjunnar felst í framleiðslu og sölu á gluggum og útihurðum á meðan Reir kemur að tilfallandi byggingaverkefnum, auk þess sem dótturfélag Reirs, HBH Byggir kemur að einhverju leyti að framleiðslu á innihurðum, þrátt fyrir að það sé einungis örlítill hluti af starfsemi fyrirtækisins. Af framangreindu er því ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að samrunaaðilar starfi að einhverju leyti á tengdum mörkuðum þrátt fyrir að vísbendingar séu um að ekki sé full staðganga á milli þeirra. Hins vegar er enn fremur ljóst eins og samrunaaðilar hafa bent á, að á markaðnum starfa sterkir keppinautar sem aðallega stunda umfangsmikinn innflutning á gluggum og hurðum og selja jafnt til einstaklinga og fyrirtækja sem og verktaka. Auk þess sem einnig er algengt í stærri verkefnum að verktakar flytji sjálfir inn glugga án aðkomu innlendra aðila á markaðnum. Í ljósi niðurstöðu málsins er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þörf á að taka frekari afstöðu til þess hversu tengdir markaðirnir eru.

Samkvæmt framansögðu er skilgreindur markaður málsins alhliða byggingamarkaðurinn en áhrif vegna samrunans mun einna helst gæta á undirmarkaðnum fyrir framleiðslu og sölu á gluggum og útihurðum.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans



Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati samrunaaðila verði að telja að lítil sem engin samkeppnisleg áhrif verði af samrunanum. Samruninn fari þannig fram að Reir kaupi þegar útgefið hlutafé Gluggasmiðjunnar af núverandi hluthafa. Enginn samrunaaðila auki við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppnauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun sé engin. Samrunaaðilar eigi auk þess ekki hluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppnautum hvors annars. Þá ítreka samrunaaðilar það mat sitt að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð viðkomandi markaða þar sem áhrifa hans gæti enda séu áhrif samrunans engin. Veruleikinn sé að sterkir keppnautar starfi á markaðnum og markaðsleg staða Gluggasmiðjunnar muni í engu breytast við yfirtöku Reirs.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um markað málsins er ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að í máli þessu er ekki um að ræða beina skörun á starfsemi samrunaaðila. Þeir markaðir sem samrunaaðilar starfa á eru þó að einhverju leyti tengdir, sérstaklega hvað varðar framleiðslu á hurðum. En þrátt fyrir að samrunaaðilar geti talist starfa á tengdum mörkuðum er ljóst að staða þeirra á hverjum þeirra er ekki það sterk að hætta sé á því að samruninn geti talist samkeppnishamlandi. Þá er ljóst að önnur nefnd fyrirtæki sem starfa á þeim undirmarkaði sem áhrif samrunans mun einna helst gæta, þ.e. við framleiðslu og sölu á gluggum og útihurðum eru öflug og mun stærri en samrunaaðilar, sérstaklega þegar kemur að innflutningi.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á skilgreindum markaði málsins. Þá mun samruninn að mati Samkeppniseftirlitsins ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Reirs ehf., á Gluggasmiðjunni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson